

**Sp. 719. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]**

um dagvistarmál fatlaðra barna.

Flm.: Elín Jóhannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrræða og úrbóta er þörf í þeim málaflokki. Sérstaklega skal að því hugað hver eigi að bera ábyrgð á og kosta uppbyggingu þjónustunnar og rekstur hennar. Jafnframt skal leita leiða til að tengja sérdeildir dagvistarstofnana svo sem framast er unnt við almennar deildir þeirra sem stuðla að því að fötluð börn geti flust af sérdeildum yfir á almennar deildir.

**Greinargerð.**

Eins og kunnugt er er kveðið á um það í lögum um málefni fatlaðra að dagvistarstofnanir og deildir tengdar þeim séu stofnanir fyrir fatlaða.

Það er viðurkennt að eðlilegasti vettvangur þjónustu við fötluð börn sé dagvistarstofnanir. Þar fá ófötluð og fötluð börn að kynnst og blandast í leik og starfi og jafnframt er unnt að veita hinum fötluðu börnum þá sérhæfðu meðferð sem þau þarfnast vegna fötlunar sinnar.

Í seinni tíð hefur þeim börnum fjölgað mjög sem beðið er um dagvist fyrir í þjónustu- og meðferðarskyni. Þetta stafar m.a. af því að með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greinist fötlun fyrir og talið er nauðsynlegt að hefja meðferðarvinnu með fötluðum börnum sem allra fyrst.

Skortur á dagvistarrými kemur af framangreindum orsökum hvað harðast niður á fötluðum börnum. Þessi hópur, sem alla jafna ætti að vera forgangshópur, þarf nú að bíða úrlausnar svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Það ber því brýna nauðsyn til að taka á þessu máli og leysa það á einhvern þann hátt að viðunandi sé. Núgildandi löggjöf er ekki nógu skilvirk og taka þarf af skarið um hver beri ábyrgð á uppbyggingu þessarar þjónustu svo og hver skuli greiða kostnaðinn við hana.

Í samræmi við meginsjónarmið laga um málefni fatlaðra og þá stefnu um samskipun, sem ríkjandi er í þessum málaflokki, verður að mati flutningsmanna að leggja mikla áherslu á að tryggja að unnið sé markvisst að því að gera fötluðum börnum, sem vistast á sérdeildum, kleift að flytjast á almennar deildir þegar og ef aðstæður leyfa.

Vegna þeirrar þróunar og þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í þessum málaflokki, er mjög brýnt að tekið sé nú þegar á þessum málum, könnuð hver þörfin er og tekið af skarið um á hvern hátt þau verði leyst svo að viðunandi sé. Þrátt fyrir góðan anda og fögur fyrirheit í núverandi löggjöf heldur vandinn áfram að hlaðast upp og því er tillaga þessi til þingsályktunar nú flutt.